



Skín við sólu Skagafjörður - verkefni nemenda í 5. bekk vorið 2012

VARMAHLÍÐARSKÓLI

Sjálfsmatsskýrsla

2011 - 2012

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| EFNISYFIRLIT | 3 |
| MEGINNIÐURSTÖÐUR | 5 |
| INNGANGUR | 7 |
| UM VARMAHLÍÐARSKÓLA | 8 |
| NEMENDUR | 10 |
| STARFSMENN | 10 |
| SJÁLFSMATSADFERÐ OG FRAMKVÆMD MATS | 11 |
| SJÁLFSMAT VETURINN 2011-2012 | 14 |
| MAT Á GÆÐAGREINI GG 5.2 KENNSLA SEM LEIÐIR TIL ÁRANGURSRÍKS NÁMS..... | 17 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 5.2 KENNSLA SEM LEIÐIR TIL ÁRANGURSRÍKS NÁMS | 18 |
| MAT Á GG 5.3 TIL MÓTS VIÐ NÁMSÞARFIR | 19 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 5.3 TIL MÓTS VIÐ NÁMSÞARFIR..... | 20 |
| MAT Á GG 5.4 MAT Í ÞÁGU NÁMS/LEIÐSAGNARMAT | 20 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 5.4 MAT Í ÞÁGU NÁMS/LEIÐSAGNARMAT | 21 |
| MAT Á GG 5.5 VÆNTINGAR OG LEIÐIR SEM STUÐLA AÐ ÁRANGRI | 22 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 5.5 VÆNTINGAR OG LEIÐIR SEM STUÐLA AÐ ÁRANGRI..... | 22 |
| MAT Á GG 5.6 JAFNRÉTTI OG SANNGIRNI..... | 23 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 5.6 JAFNRÉTTI OG SANNGIRNI | 24 |
| MAT Á GG 5.7 SAMSTARF VIÐ NEMENDUR OG FORELDRA..... | 24 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 5.7 SAMSTARF VIÐ NEMENDUR OG FORELDRA | 25 |
| MAT Á GG 5.8 UMHYGGJA, VELFERÐ OG ÞROSKI NEMENDA | 26 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 5.8 UMHYGGJA, VELFERÐ OG ÞROSKI NEMENDA..... | 26 |
| MAT Á GG 2.1 NÁMSREYNSLA NEMENDA – MAT STARFSMANNA | 27 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 2.1 NÁMSREYNSLA NEMENDA – MAT STARFSMANNA | 28 |
| MAT Á GG 2.1 NÁMSREYNSLA NEMENDA – MAT NEMENDA..... | 29 |
| PRÓUNARÁÆTLUN GG 2.1 NÁMSREYNSLA NEMENDA – MAT NEMENDA | 30 |
| ENDURSKOÐUN SKÓLASTEFNU | 31 |
| SAMANTEKT, MATSGÖGN OG PRÓUNARÁÆTLANIR | 31 |
| <i>A1 Nám og kennsla</i> | 31 |
| <i>A2 Nám og kennsla</i> | 33 |
| <i>A3 Nám og kennsla</i> | 34 |
| <i>A4 Nám og kennsla</i> | 35 |
| <i>B1 Starfsumhverfi</i> | 36 |
| <i>B2 Starfsumhverfi</i> | 37 |
| <i>B3 Starfsumhverfi</i> | 39 |
| <i>C1 Samskipti</i> | 40 |
| <i>C2 Samskipti</i> | 41 |
| <i>C3 Samskipti</i> | 42 |
| <i>C4 Samskipti</i> | 43 |
| KANNANIR | 45 |
| FORELDRAKÖNNUN | 45 |
| NEMENDAKÖNNUN | 46 |
| ÁRLEG SKIMUN STARFSFÓLKIS..... | 46 |
| SAMANTEKT OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR | 47 |

| | |
|--|-----------|
| ÁFORM UM ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF | 51 |
| ÁÆTLUN UM INNRA MAT 2012-2015 | 52 |
| VIÐAUKI1 ÁRLEG SKIMUN | 53 |
| VIÐAUKI 2 EINKUNNASKALI..... | 54 |

Meginniðurstöður

Á skólaárinu var innra mat skólans unnið skv. nýrri útgáfu af Gæðagreinum 2.

Ákveðið var að setja fram nýja þriggja ára áætlun um mat á skólastarfinu. Sú áætlun er sett fram í þessari skýrslu.

Fræðslunefnd fól leik-, grunn- og tónlistarskólum að vinna að endurskoðun skólafestu sveitarfélagsins Skagafjarðar. Unnið var að þeirri endurskoðun með aðferðum Gæðagreina 2. Varmahlíðarskóli skilaði skýrslu til fræðslustjóra vegna endurskoðunarinnar vorið 2012. Niðurstöður þeirrar endurskoðunar eru birtar hér í sjálfsmatsskýrslu í sér kafla.

Nemendur tóku þátt í fyrsta sinn í mati á skólastarfinu með aðferðum Gæðagreina. Fyrirkomulag matsins var með þeim hætti að fulltrúar nemenda úr 6. – 10. bekk komu að mats- og umbótavinnunni. Vinna nemenda gekk vel og ákveðið hefur verið að aðkoma nemenda með þessum hætti að mati á skólastarfinu verði reglubundin framvegis.

Ný og endurbætt foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk í nóvember. Einnig ný nemendakönnun fyrir nemendur í sömu árgöngum, utan 2. bekk. Ný árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins. Umfjöllun um kannanirnar má sjá í sér kafla í sjálfsmatsskýrslu.

Niðurstöður matshópa voru eftirfarandi:

| | |
|---|--|
| gg 5.2 kennsla sem leiðir til árangursríks náms Matseinkunn: 4, Gott | gg 5.3 til móts við námsþarfir Matseinkunn: 4, Gott |
| gg 5.4 mat í þágu náms/leiðsagnarmat Matseinkunn: 3, Nægilegt | gg 5.5 væntingar og leiðir sem stuðla að árangri Matseinkunn: 4, Gott |
| gg 5.6 jafnrétti og sanngirni | gg 5.7 samstarf við foreldra og nemendur |

| | |
|---|--|
| Matseinkunn: 5, Mjög gott | Matseinkunn: 5, Mjög gott |
| gg 5.8 umhyggja, velferð og þroski nemenda Matseinkunn: 5, Mjög gott | gg 2.1 námsreynsla nemenda – mat nemenda Matseinkunn: 4, Gott |
| gg námsreynsla nemenda – mat starfsfólks Matseinkunn: 4, Gott | |

Niðurstöður mats í hverjum þætti skólastefnunnar var með eftirfarandi hætti:

A hluti, Nám og kennsla

| | | | |
|--|--|---|--|
| A1: 5, Mjög gott | A2: 5, Mjög gott | A3: 4, Gott | A4: 4, Gott |
| Markmið: Skagfirskir skólar hafi vellíðan nemenda og hamingju að leiðarljósi | Markmið: Skagfirskir skólar bjóði upp á góða menntun við hæfi sérhvers nemanda | Markmið: Skagfirskir skólar leggi áherslu á ástundun, námsárangur og vitneskju allra um eigin ábyrgð og skyldur | Markmið: Skagfirskir skólar leggi rækt við sérstöðu skólaumhverfis síns, náttúrufar, sögu og menningu heimabyggðar |

B hluti, Starfsumhverfi

| | | |
|---|--|---|
| B1: 4, Gott | B2: 4, Gott | B3: 3, Nægilegt |
| Markmið: Skagfirskir skólar bjóði nemendum samfelldan vinnudag sem skiptist í frjálsan leik, bóklegt nám, verklega þjálfun, iðkun lista og tómsundastarf | Markmið: Skagfirskir skólar leggi áherslu á að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hefi velferð nemenda að leiðarljósi | Markmið: Skagfirskir skólar séu eins vel búnir og öruggir og best verður á kosið, svo skólastarfið og staðblærinn geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel |

C hluti, Samskipti

| | | | |
|---|---|---|--|
| C1: 4, Gott | C2: 4, Gott | C3: 2, Slakt | C4: 4, Gott |
| Markmið: Skagfirskir skólar vinni markvisst með foreldrum og veiti þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu | Markmið: Skagfirskir skólar leggi áherslu á að mat á skólastarfi nýtist til að tryggja þróun og umbætur | Markmið: Skagfirskir skólar starfi saman á forsendum allra skólagerða og -stiga | Markmið: Skagfirskir skólar veiti foreldrum, nemendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf vegna skólastarfs |

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Sjá grunnskólalögin nánar á eftirfarandi slóð:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37.gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Varmahlíðarskóli hefur notað *Gæðagreinana*, sjálfsmatskerfi að skoskum uppruna, allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school* árið 1999. Ný íslensk þýðing á þriðju útgáfu Skotanna á sjálfsmatskerfinu leit dagsins ljós vorið 2010 og hefur sjálfsmatið í Varmahlíðarskóla verið unnið síðan skv. þeirri

þýðingu. Þóra Björk Jónsdóttir sérkennslu- og kennsluráðgjafi hjá fræðsluþjónustu Skagafirðinga og Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi í Skagafirði þýddu efnið.

Gæðagreina 2 ásamt ítarefni má nálgast á vef Fræðsluþjónustunnar og vef Árskóla. Sjá á eftirfarandi vefslóðum:

Gæðagreinar á vef fræðsluþjónustu: <http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/>

Gæðagreinar á vef Árskóla: http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=5294

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafirði og er rekinn af tveimur sveitarfélögum, Akrahreppi og Sveitarfélaginu Skagafirði. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði. Nemendur sem áður voru í Steinsstaðaskóla og Akraskóla sækja skóla í Varmahlíð. Einnig er nokkuð um að nemendur komi annars staðar að úr héraðinu. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri.

Varmahlíðarskóli skilgreinir sig sem sveitaskóla í nútíð og framtíð sem byggir á fortíð. Þannig á hann sér langa sögu í héraðinu. Ávallt hefur verið reynt að leggja áherslu á faglegt, öflugt, fjölbreytt og sveigjanlegt starf með nemendum, foreldrum, starfsmönnum og grenndarsamfélaginu. Áhersla er lögð á að hafa heimabyggðina í heiðri og miða viðfangsefni við það eftir því sem kostur er. Auk þessa er leitað allra leiða til að aðlaga skólalald að samfélaginu í heimabyggð. Það er m.a. gert með því að á hverju vori vinna nemendur skólans sérstök vorverkefni. Þá er hefðbundið skólastarf brotið upp í fimm daga og nemendur vinna þá daga heima á bæjum eða komast í vist þar sem búskapur er stundaður. Um er að ræða verknám en einnig vinna nemendur að margvíslegum verkefnum sem kennarar skólans útbúa auk þess sem allir nemendur rita dagbók.

Í Varmahlíðarskóla er áhersla lögð á íþróttir og list- og verkgreinar. Árshátíðir yngri og eldri nemenda hafa vakið verðskuldaða athygli og eru orðnar áberandi kennileiti í skólastarfinu. Skólinn vinnur að þróunarverkefni ásamt Lýðheilsustöð sem ber heitið

Heilsueflandi skóli. Í vetur hefur verið unnið að lífsleikni með vináttu á milli bekkja og samstarfi við Félag eldri borgara í samfélaginu. Samvinna við leikskólann Birkilund er í sífelldri þróun með verkefninu *Gaman saman* og í nokkur ár hefur verið unnið með samstarfsverkefni í Evrópu í gegnum Comeniusar sjóðinn. Í vetur tók Varmahlíðarskóli að sér kennsluhluta við meðferðar- og skólaheimilið Háholt. Unnið er að endurskoðun á starfi skólans með tilkomu nýs skólastjóra sem og nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla 2011.

Í Varmahlíðarskóla eiga allir bekkir sína heimastofu. Tölvuver með 16 nettengdum tölvum er notað skv. sérstakri stundaskrá og hljóta allir nemendur skólans þjálfun í fingrasetningu, auk annarrar tölvukennslu, sem reynt er að flétta eftir megni inn í kennslu í sem flestum bóklegum greinum, þar sem við á. Bókasafnið er upplýsingamiðstöð skólans og liggur að tölvustofunni. Þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með tölvuverinu þegar það á við. Textíflmennt, smíðar, heimilisfræði, myndmennt, vél- og málmsmíði eiga einnig sínar sérgreinastofur. Á nýliðnu skólaári var nemendum í 8. - 10. bekk boðið upp á valgreinar. Voru þær kenndar þrisvar í viku, í 80 mínútur í senn. Má þar nefna valgreinar eins og fatasaum, FabLab, smíðar og hönnun, vélsmíði, stuttmyndagerð, matreiðslu smárétta og ljósmyndun.

Skólastarf hefst kl. 8:30 á morgnana. Skólabílstjórar eru sjö. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Annan hvern fimmtudag eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á mánaðarfresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa verið eflað stórlega á undanförunum árum með þátttöku íþróttafélagsins Smárans. Foreldrafélag starfar við skólann.

Skólinn er einsetinn og í mötuneytinu fá nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum. Kvöldmatur er einnig framreiddur, þegar þörf er á.

Tónlistarskóli Skagafjarðar starfar innan Varmahlíðarskóla og eiga nemendur kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Næri eitt hundrað nemendur skólans voru skráðir í tónlistarnám í vetur. Þessi farsæla samvinna milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar leiðir af sér fjölbreyttara og mikilsverðara skólastarf sem og betri þjónustu við nemendur hérðsins.

Nemendur

Í lok skólaársins voru nemendur alls 141 og var skipting þeirra á bekkjardeildir þessi:

| | | |
|------------|-------------|---|
| 1. bekkur | 12 nemendur | Umsjón Sara Gísladóttir |
| 2. bekkur | 13 nemendur | Umsjón Lára Gunnðís Magnúsdóttir |
| 3. bekkur | 15 nemendur | Umsjón Birgitta Sveinsdóttir |
| 4. bekkur | 14 nemendur | Umsjón Sigrún Benediktsdóttir |
| 5. bekkur | 12 nemendur | Umsjón Ásdís S. Sigurjónsdóttir |
| 6. bekkur | 19 nemendur | Umsjón Helga Rós Sigfúsdóttir/ Sigríður Ólöf Sigurðardóttir |
| 7. bekkur | 19 nemendur | Umsjón Íris Olga Lúðvíksdóttir |
| 8. bekkur | 15 nemendur | Umsjón Helga Sigurðardóttir |
| 9. bekkur | 10 nemendur | Umsjón Ásdís Hermannsdóttir |
| 10. bekkur | 17 nemendur | Umsjón Ólafur Atli Sindrason |

Starfsmenn

Starfsmenn skólans eru 47 og eru þeir í u.þ.b. 38 stöðugildum. Kennarar eru 22, þar af eru 2 leiðbeinendur. Nokkrir kennarar er í hlutastarfi. Kennsluráðgjafi hefur viðveru í skólanum og sinnir 20% starfi í Varmahlíðarskóla. Þá hóf náms- og starfsráðgjafi störf við skólann s.l. haust í 15% starfi. Við skólann starfa húsvörður sem og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru tveir. Í mötuneyti starfar ráðskona og aðstoðarráðskona ásamt tveimur öðrum starfsmönnum. Stuðningsfulltrúar eru fjórir og auk þess starfa leikskólakennari og þroskaþjálfari við skólann. Skólaliðar eru sex talsins. Tveir þeirra eru í fullu starfi en aðrir í hlutastörfum.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólinn byggir sjálfsmat sitt á skoskum sjálfsmatsaðferðum, Gæðagreinum í íslenskri þýðingu. Kerfið byggir á áralangri þróun. Skólaskrifstofa Skagfirðinga gekkst fyrir þýðingu á efninu árið 1999 og hefur það í framhaldi af því verið notað í grunnskólunum í Skagafirði og víðar um land. Þriðja útgáfa gæðagreinanna, *How good is our school 3*, var þýdd yfir á íslensku vorið 2010. Þóra Björk Jónsdóttir sérkennslu- og kennsluráðgjafi hjá Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar og Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi í grunnskólum í Skagafirði unnu að þeirri þýðingu. *Sáttmálasjóðurinn*, styrktarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga og styrkti verkefnið í samvinnu við sveitarfélagið Skagafjörð.

Gert er ráð fyrir að allir þættir skólastarfsins séu metnir með aðferðum Gæðagreina yfir þriggja ára tímabil. Sérstök áætlun er gerð þar um og er hún birt í sérkafla hér í sjálfsmatsskýrslu. Kerfið er sveigjanlegt og auvelt er að bregðast við og beina sjónum að einstökum þáttum í skólastarfinu þegar þörf krefur. Þannig getur áætlunin tekið breytingum í takt við skólastarfið á hverjum tíma.

Í Gæðagreinum 2 byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Heildarárangur
2. Áhrif á nemendur
3. Áhrif á starfsfólk
4. Áhrif á samfélagið
5. Menntun
6. Stefnumótun og áætlanagerð
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk
8. Samvinna og búnaður
9. Forysta

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Í Gæðagreinum 2 eru einnig settar fram sex lykilspurningar. Þær eru grunnur að lykilþáttunum níu. Í viðauka 1 um gæðarammann má sjá flokkun á gæðagreinum m.t.t. þessara lykilspurninga. Sé leitað svara við einni af þessum lykilspurningum er leiðbeint um hvaða þætti skólastarfsins þarf að skoða, skv. gæðagreinunum. Gæðarammann má skoða í Gæðagreinum 2 sjá [hér](#), bls. 43.

Lykilspurningarnar sex úr Gæðagreinum 2 eru eftirfarandi:

1. **Hvaða árangri höfum við náð?**
2. **Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?**
3. **Hversu góða menntun veitum við?**
4. **Hversu góð er stjórnun skólans?**
5. **Hversu góð er forystan í skólanum?**
6. **Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?**

Í Gæðagreinum 2 er einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 sem er *mjög gott* og einkunnina 2 sem er *slakt*. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini nú þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem viðkemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka 2.

Framkvæmd matsins:

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Hver matshópur ígrundar atriðin sem koma fram á matseyðublaðinu og getur gefið einkunn fyrir hvern lið ef hann kýs svo. Það er hins vegar

ekki markmið í sjálfu sér að hverjum lið sé gefin einkunn heldur að hópurinn komi sér saman um heildareinkunn fyrir öll atriðin sem koma fram í gæðagreininum sem liggur fyrir til mats.

Í matsvinnunni eru styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum dregnir fram og rökstuddir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti. Í viðauka 5 í Gæðagreinum 2 eru dæmi um hvernig leita má sönnunargagna eða vísbendinga til að styðjast við í matinu. Matshópurinn setur einnig fram sameiginlega sýn á mikilvægi þáttanna í gæðagreininum.

Á matsblaðið eru settar fram tillögur um aðgerðir sem útfærðar eru nánar í þróunaráætlun sem unnin er í kjölfar mats. Í þróunaráætlun eru settar fram markmiðssettar umbótatillögur, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum Gæðagreinanna í fjórum skrefum:

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnina 2. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. **Greining sterkra og veikra þátta**, umsögn og einkunnagjöf
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnunótun í þróunaráætlun eftir því sem við á

Nálgast má efni **Gæðagreina 2** á eftirfarandi slóð:

http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=5294

Nálgast má efni **How good is our school 3** á eftirfarandi slóð

Sjálfsmat veturinn 2011-2012

Á skólaárinu voru nokkrir gæðagreinar lagðir fyrir til mats. Ákveðið var að leggja fyrir gæðagreina úr lykilþætti 5 um menntun. Hluti þeirra var lagður fyrir til mats hjá kennurum og stjórnendum skólans, það voru þættir sem snúa beint að námi og kennslu. Nokkrir gæðagreinar voru lagðir fyrir allan starfsmannahópinn en það voru þættir úr lykilþætti 5 sem snúa að umönnun, samstarfi, umhyggju og velferð nemenda. Einnig var lagður fyrir gæðagreinar úr lykilþætti 2 um námsreynslu nemenda fyrir starfsmannahópinn.

Hópur nemenda í 6. - 10. bekk tók í fyrsta skipti þátt í mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðum líkt og starfsmenn skólans. Gæðagreinar aðlagðar að nemendum, gg 2.1 um *námsreynslu nemenda* var því lagður fyrir og áhugavert að sjá mat nemenda um þá þætti sem til skoðunar voru og þær leiðir sem þeir lögðu fram til umbóta.

Skólar í Skagafirði fengu það verkefni í hendur frá fræðslunefnd að endurskoða skólastefnu Skagafjarðar og fór sú vinna fram með sjálfsmatsaðferðum Gæðagreina. Þannig voru þættir skólastefnu settir í form gæðagreina og starfsfólk beðið um að leggja mat á hvernig skólastarfið er unnið í anda skólastefnunnar. Umbótaáætlanir voru settar fram í kjölfarið þar sem við átti. Ennfremur fékk starfsfólk tækifæri til að koma fram með efnislegar rökstuddar tillögur að breytingum á skólastefnunni.

Ný og endurbætt foreldrakönnun var lögð fyrir í nóvember. Einnig var ný og endurbætt könnun lögð fyrir nemendum í 4., 7. og 10. bekk á skólaárinu. Ný skimun á gæðagreinunum var ennfremur lögð fyrir allt starfsfólk skólans í lok skólaársins. Fjallað er um kannanirnar og helstu niðurstöður þeirra í sérkafla í sjálfsmatsskýrslu.

Matsþættir skólaársins 2011-2012 voru því eftirfarandi:

■ Lykilþáttur 5, Menntun

- **gg 5.2** Kennsla sem leiðir til árangursríks náms
- **gg 5.3** Til móts við námsþarfir
- **gg 5.4** Mat í þágu náms/leiðsagnarmat
- **gg 5.5** Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri
- **gg 5.6** Jafnrétti og sanngirni
- **gg 5.7** Samstarf við nemendur og foreldra
- **gg 5.8** Umhyggja, velferð og þroski nemenda
- **Lykilþáttur 2, Áhrif á nemendur**
 - **gg 2.1** Námsreynsla nemenda – mat nemenda
 - **gg 2.1** Námsreynsla nemenda – mat starfsmanna
- **Endurskoðun og mat á skólafélaginu Sveitarfélagsins Skagafjarðar**
 - **A - Nám og Kennsla**
 - **A1** Skagfirskir skólar hafi vellíðan nemenda og hamingju að leiðarljósi
 - **A2** Skagfirskir skólar bjóði upp á góða menntun við hæfi sérhvers nemanda
 - **A3** Skagfirskir skólar leggi áherslu á ástundun, námsárangur og vitneskju allra um eigin ábyrgð og skyldur
 - **A4** Skagfirskir skólar leggi rækt við sérstöðu skólaumhverfis síns, náttúrufar, sögu og menningu heimabyggðar
 - **B – Starfsumhverfi**
 - **B1** Skagfirskir skólar bjóði nemendum samfelldan vinnudag sem skiptist í frjálstan leik, bóklegt nám, verklega þjálfun, iðkun lista og tómstundastarf

- **B2** Skagfirskir skólar leggi áherslu á að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hefi velferð nemenda að leiðarljósi
- **B3** Skagfirskir skólar séu eins vel búnir og öruggir og best verður á kosið, svo skólastarfið og staðblærinn geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel
- **C – Samskipti**
 - **C1** Skagfirskir skólar vinni markvisst með foreldrum og veiti þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu
 - **C2** Skagfirskir skólar leggi áherslu á að mat á skólastarfi nýtist til að tryggja þróun og umbætur
 - **C3** Skagfirskir skólar starfi saman á forsendum allra skólagerða og skólastiga
 - **C4** Skagfirskir skólar veiti foreldrum, nemendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf vegna skólastarfs

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem metnir voru á skólaárinu. Stuttlega gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Einnig er hægt að skoða viðmið um gæði fyrir hvern gæðagreini fyrir sig eftir því sem við á.

Mat á gæðagreiini gg 5.2 kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af sjö manna hópi kennara og stjórnenda 9. maí 2012 á vinnufundi kennara.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá hér

Heildareinkunn: 4, Gott, mikilvæg atriði yfirlett sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- A - erum með sameiginleg gildi, hvetjandi námsumhverfi og gott nærsamfélag. Aðgangur nemenda í tónlistarnám á skólatíma
- B – vel er komið til móts við námsþarfir nemenda og áhugasvið nemenda í valgreininum
- C – ræktum með nemendum áhugasemi og sköpunarþörf með fjölbreyttu úrvali list- og verkgreina og íþróttastarfi
- D – Verkefni vel skipulögð í skóla og heimanámi
- E – áhersla á fingrasetningu og á grunnþekkingu í tölvumálum
- F – nemendur vita til hvers er ætlast af þeim
- G – nemendur eru meðvitaðir um það að þeir þurfa að vinna vel til að ná árangri
- H- áætlanir eru skýrar og hafa samfellu
- I – nemendur bera ábyrgð á félagslegum samskiptum sínum við aðra og námsáætlunum
- J- flestir nemendur eru metnaðarfullir og sýna framfarir
- K – flestir nemendur eru meðvitaðir um sjálfan sig sem námsmenn
- M – nemendur duglegir að tjá skoðanir sínar og spyrja spurninga
- N – nokkuð góður þáttur
- J – svör nemenda virt og tekið mið af skoðunum þeirra við skipulagningu á t.d. vali
- K – bregðumst fljótt við að námsþörfum nemenda sé mætt
- L – gerum okkur grein fyrir styrkleikum og veikleikum í þekkingu og hæfileikum nemenda

Veiku hliðarnar okkar:

- A – nám- og kennsluaðferðir mættu vera fjölbreyttari
- B – þurfum að huga betur að nemendur sem eru sterkir námslega
- C – mættum ýta meira undir gagnrýna hugsun
- D – gætum eflt samvinnu nemenda jafnt í skóla sem heima
- E – vegna skorts á tækjum og búnaði er upplýsingartækni ekki notuð markvisst
- F – markmiðasetning mætti vera skýrari og virkari

- H – alltaf má gera markmið skýrari
- I – nemendur gætu borið meiri ábyrgð á eigin námi, með virkari þátttöku í áætlunargerð
- K – nemendur gæti verið virkari í náminu t.d. í áætlanagerð
- L – þurfum að nota endurgjöf markvissara
- M – nemendur mættu sýna virkari þátttöku í kennslu og námi
- N – efla mætti þennan þátt jafnt einstaklingslega sem og í hóp
- J – má alltaf gera betur í að lofa nemendum að tjá skoðanir sínar
- K – mættum gera meira í því að koma með meira krefjandi viðfangsefni
- M – kynna þarf betur fyrir nemendum það atvinnulífið sem blómstrar í þéttbýlinu

Þróunaráætlun gg 5.2 *kennsla sem leiðir til árangursríks náms*

Markmið með umbótum:

- Efla fjölbreytt skólastarf

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|---|---------------------------------------|-----------------------------|--------------------------------------|---|
| Efla þarf tækjakost skólans | Skólastjóri | Í lok skólaársins 2013 | Fjármagn og vilja | Gera úttekt á tækjamálum skólans haustið 2013 |
| Efla þarf námsmatsþátt skólans | Skólastjórnendur og kennarar | Í lok skólaársins 2013 | Þróunarvinnu og faglega leiðbeiningu | Kanna breytingar á námsmati |
| Efla þarf tengsl nemenda við atvinnulífið | Skólastjóri og starf- og námsráðgjafi | Í lok skólaársins 2013 | Ákvörðun og fjármagn | Gera úttekt haustið 2013 |

Mat á gg 5.3 til móts við námsþarfir

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af fimm manna hópi kennara 9. maí 2012 á vinnufundi kennara.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunn: 4, Gott, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Stoðkerfið fyrir nemendur með sérþarfir er í góðum farvegi. Þeir fá mjög góðan stuðning og utanumhald gott

Veiku hliðarnar okkar:

- A. Við sinnum nemendum með sértækar námsþarfir vel en þurfum að sinna nemendum sem eru námslega sterkir betur. Þó er kominn vísir að því að nemendur geti flýtt sér í námi
- C. Námsáætlanir þurfa að vera markvissari en námsframboð hefur aukist þökk sé vali og er í þróun
- D. Fyrir utan nemendur með sérþarfir þá eru námsáætlanir ekki einstaklingsmiðaðar
- F.G.H.I. Það er vel haldið utan um sérnemendur

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Tillögur um aðgerðir:

- Hér þarf að innleiða námsáætlanagerð fyrir alla nemendur og bráðgera þar með talið. Í vinnu starfsfólks í námsmati sem skólinn stefnir að, ætti námsáætlanagerð að vera hluti að þeirri vinnu því þetta tvennt er samofið
- Námsráðgjafi þarf að hafa meiri viðveru í skólanum og þá sinna sínu starfshlutfalli þó hann sé fjarverandi þá daga sem hann áætla að vera í skólanum

Athugasemdir um gæðagreini:

- Þær námsáætlanir sem eru gerðar þurfa að berast til allra kennara en jafnframt er þetta ekki gert fyrir alla nemendur með sérþarfir.

Þróunaráætlun gg 5.3 til móts við námsþarfir

Markmið með umbótum:

- Koma betur til móts við námsþarfir allra nemenda með því að innleiða námsáætlanagerð samhliða breyttu námsmati

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|---------------------|-----------------------------|--|--|
| Hér þarf að vinna að námsáætlanagerð samhliða endurskoðuðu námsmati því þetta tvennt samtinnast óhjákvæmilega. | Starfsmenn | Vor 2013 | Vilja, samvinnu kennara, námskeið, fyrirlesara, tíma, sérfræðinga. | Með sjálfsmati, námsmati, með könnum hjá nemendum og foreldrum |

Mat á gg 5.4 mat í þágu náms/leiðsagnarmat

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af sex manna hópi kennara og stjórnenda 9. maí 2012 á vinnufundi kennara.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunn: 3, Nægilegt, sterk atriði rétt ná að vege meiri en slök

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- F – við skipuleggjum góð námsverkefni í samræmi við þroska nemenda og hæfni
- G - J – við höfum nokkuð góða yfirsýn yfir getu og hæfni hvers og eins

Veiku hliðarnar okkar:

- Nemendur eru lítið sem ekkert hafðir með í ráðum um markmiðasetningu og sjálfsmat/jafningjamat
- E – leiðsagnarmat er ekki notað í skólanum
- Nemendur eru ekki hafðir með í ráðum við val á bóklegu námi

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að taka upp leiðsagnarmat eða annað sambærilegt kerfi sem gerir nemendur meðvitaðri og ábyrgari um eigið nám

Tillögur um aðgerðir:

- Að taka upp leiðsagnarmat eða annað sambærilegt kerfi sem gerir nemendur meðvitaðri og ábyrgari um eigið nám

Athugasemdir um gæðagreini:

- Sama spurning í lið I og L

Þróunaráætlun gg 5.4 mat í þágu náms/leiðsagnarmat**Markmið með umbótum:**

- Að gera nemendur meðvitaðri og ábyrgari um eigið nám

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|-----------------------------------|-----------------------------|---|---|
| Að taka upp leiðsagnarmat eða annað sambærilegt kerfi sem gerir nemendur meðvitaðri og ábyrgari um eigið nám | Skólastjórnendur og námsmatsteymi | Vor 2013-14 | Tíma og skipulag. Endurskipulagningu og námskeið fyrir kennara | Meta þáttinn aftur eftir gæðagreini 5.4 Heyra raddir foreldra og nemenda um hvort þessi þáttur sé orðinn markvissari |

Mat á gg 5.5 væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af fimm manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 9. maí 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunn: 4, Gott, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- A – Í vetur er unnið að bættu skólastarfi á mögum sviðum og fyrirsjáanlegt að svo verði áfram
- C.D.E – Hér ríkir jákvæður skólabragur og kurteisi í samskiptum

Veiku hliðarnar okkar:

- *B.F.M.* - *Við teljum að í skólanum þurfi að bæta námsumhverfi, t.d. til verkgreinakennslu. Einnig myndi vera til bóta að vinna með sjálfstyrkingu nemenda og gera einstaklingsnámskrár*
- G. - Má bæta með breyttu námsmati og aukinni sjálfstyrkingu nemenda
- O. – Samskipti við nemendur ganga vel og þar ríkir yfirleitt gagnkvæm virðing. Hins vegar er full þörf á að bæta samskipti, traust og virðingu innan starfsmannahópsins

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir um gæðagreini:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg 5.5 væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Markmið með umbótum:

- Að veita nemendum viðráðanleg viðfangsefni og gott námsumhverfi

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|-----------------------------|---------------------|-----------------------------|------------------------------|-------------------------------|
| Bæta námsumhverfi, t.d. til | Allir starfsmenn | Þarf að vera í sífelldri | Samstarfsvilja, fjármagn til | Með viðhorfskönnunum |

| | | | | |
|---|---------|-------------|---|--------------------------------|
| verkgreinakennslu, vinna að sjálfstyrkingu nemenda og gera einstaklingsnámskrár | skólans | endurskoðun | endurbóta og tækjakaupa og ef til þarf utanaðkomandi aðila til aðstoðar | og sýnilegum framförum nemenda |
| Bæta samskipti, traust og virðingu innan starfsmannahópsins | | | | |

Mat á gg 5.6 jafnrétti og sanngirni

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af fimm manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 9. maí 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunn: 5, Mjög gott, afar sterkur þáttur

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- A – samvinna heimilis og skóla er mjög góð og með tilkomu foreldrafélagsins er það enn betra
- B – flest öll mál eru leist þegar þau koma upp
- C – stefna skólans að allir nemendur og starfsfólk séu virkir og beri virðingu fyrir skólastarfinu
- D – stoðkerfi skólans er mjög gott fyrir einstaklinga sem þurfa aðstoð
- E – frábært stoðkerfi í skólanum og sérfræðingar
- F – lagt er mikil áhersla á að sýna í verki þau gildi sem skólinn stendur fyrir með því að vera góðar fyrirmyndir í orði og verki
- G – skólinn starfar eftir Olweusaráætluninni
- H – allir starfsmenn reyna að gera sitt besta
- J – lögð er áhersla á að vera jákvæð í leik og starfi
- L – fögnum margbreytileika
- M – sjálfsagður hlutur
- N – allir fá jöfn tækifæri

Veiku hliðarnar okkar:

- B – vantar aðgerðaráætlun varðandi leiðir til að draga úr hindrunum

- D – megum vera duglegri að nota stoðkerfið til að koma á móts við nemendur sem eru áhugalitlir eða fráhverfir skóla. Námsráðgjafi með of lítið starfshlutfall við skólann
- K – þurfum að lofa nemendum að ræða meira um mismunun og misrétti á opinskáan hátt
- L – erum lengi að meðtaka breytingar

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir um gæðagreini:

- Okkur finnst að I liðurinn eigi ekki við

Þróunaráætlun gg 5.6 jafnrétti og sanngirni

Markmið með umbótum:

- Finna leiðir til að draga úr hindrunum í skólastarfi

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|----------------------------------|-----------------------------|----------------|-------------------------------|
| Finna leiðir til að draga úr hindrunum í skólastarfi | Námsráðgjafi og umsjónarkennarar | Vorið 2013 | Viljann | Aðgerðaráætlanir liggja fyrir |

Mat á gg 5.7 samstarf við nemendur og foreldra

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af fimm manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 9. maí 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunn: 5, Mjög gott, afar sterkur þáttur

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Í Varmahlíðarskóla eru allir velkomnir. Boðleiðir eru aðgengilegar milli skóla og heimila, reglulegt upplýsingaflæði bæði á heimasíðu og með tölvupósti. Tekið er tillit til skoðana foreldra og koma til móts við óskir þeirra

Veiku hliðarnar okkar:

- Ekki er sérstaklega reynt að ná til þeirra sem eru óvirkir í samskiptum við skólann – utan foreldraviðtala
- Með upptöku leiðsagnarmats væri hægt að auka þátttöku foreldra í umræðum um framfarir barna sinna og leiðir til samvinnu um næstu skref í námi
- Foreldrar eru ekki sérstaklega upplýstir um rekstur skólans utan þess sem eðlilegt getur talist – s.s. skýrslur og fleira

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að samskipti heimilis og skóla séu góð og skilvirk

Tillögur um aðgerðir:

- Taka upp leiðsagnarmat sem eflir samskipti heimila og skóla og gerir nemendur virkari í að skipuleggja eigið nám

Athugasemdir um gæðagreini:

- **Liður L** – á ekki við um Varmahlíðarskóla eins og er
- **Liður G** - setjum spurningamerki við að fjalla um gæði menntunar og rekstur skólans í sama lið

Þróunaráætlun gg 5.7 samstarf við nemendur og foreldra

Markmið með umbótum:

- Að bæta enn frekar samskipti heimila og skóla og gera nemendur og foreldra meðvitaðri um námið

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|-------------------------|-----------------------------|------------------|-------------------------------|
| Að taka upp leiðsagnarmat eða annað sambærilegt kerfi sem gerir nemendur meðvitaðri og ábyrgari um eigið nám og eykur þar með samskipti heimila og skóla | Allt starfsfólk skólans | Vor 2014 | Tíma og skipulag | Með gg. 5.7 |

Mat á gg 5.8 umhyggja, velferð og þroski nemenda

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af fimm manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 9. maí 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunn: 5, Mjög gott, afar sterkur þáttur

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Við höfum góða bakhjarla (Fræðsluþjónusta) og mikið af sérmenntuðu starfsfólki og almennt hugsum við vel um þarfir nemenda
- Tenging milli leikskóla og grunnskóla er mjög góð. Tenging við fjölbrautarskóla mun eflast enn frekar með tilkomu náms- og starfsráðgjafans
- Heilsueflandi grunnskóli er mjög sterkur þáttur

Veiku hliðarnar okkar:

- **A** Við erum heilsueflandi skóli en þurfum að fylgja því betur eftir, t.d. fæði í mötuneyti skólans. (Of mikil unnin matvara)
- **C** þurfum að halda reglulega brunæfingar og hafa rýmingaráætlun
- **D** Vantar fræðslu, t.d. frá Blátt áfram. Þarf að vera regluleg fræðsla um helstu atriði barnaverndar. Leggja meiri áherslu á trúnað varðandi nemendur og fjölskyldur þeirra
- **N** Vantar meiri kynningu á atvinnulífi Skagafjarðar

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir um gæðagreini:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg 5.8 umhyggja, velferð og þroski nemenda

Markmið með umbótum:

- Efla velferð nemenda

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--------------------|---------------------|-----------------------------|----------------|-------------------------------|
| | | | | |

| | | | | |
|--|---------------------------------------|-----------------------------|--|--|
| | | | | |
| Gera nemendur virkari í náms- og starfsvali sínu með því að nýta betur náms- og starfsráðgjafann og koma aukinni kynningu á atvinnulífi Skagafjarðar inn í námið | Skólastjórn- endur | 2014 | Setja inn í skólanám- skrána | Með viðhorfskönnun- um hjá nemendum og foreldrum |
| Koma á reglulegum brunaæfingum | Skólastjórn- endur og húsvörður | Næsta skólaár | Gera rýmingaráætl- un og æfa sig | Með reglulegum æfingum |
| Regluleg fræðsla um barnavernd og kynferðisofbeldi | Skólastjórn- endur | Viðvar- andi verkefni | Gera fræðslu- áætlun | |
| Fylgja eftir markmiðum heilsueflandi grunnskóla hvað varðar mataræði | Lýðheilsu- hópur | Viðvar- andi verkefni | Samvinnu, skipulag og jákvæðni | Skoða mataræðið |

Mat á gg 2.1 námsreynsla nemenda – mat starfsmanna

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af fimm manna hópi starfsmanna á starfsmannafundi 9. maí 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunn: 4, Gott, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- A-D-E-F Nemendur eru áhugasamir og vinna vel þau verkefni sem fyrir þá eru lögð
- C- Lokamat til staðar
- I-Nemendur eru ánægðir

Veiku hliðarnar okkar:

- B-Nemendur verði virkari og beri ábyrgð á áætlunargerð í námi sínu
- G- Þurfum að vera duglegri að leita eftir og taka tillit til sjónarmiða nemenda
- C-Endurgjöf ætti að vera markvissari og nota til að gera nemendur meðvitaða um framfarir og styrkleika
- I- Við þurfum að gera nemendur meðvitaðri um að þeir megi hafa skoðanir og að tekið sé tillit til þeirra í ákvarðanatöku

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir um gæðagreini:

- Spurning K of víðtæk

Þróunaráætlun gg 2.1 námsreynsla nemenda – mat starfsmanna**Markmið með umbótum:**

- Endurskoða námsmat og auka nemendalýðræði

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|---------------------------|-----------------------------|------------------------------------|---|
| Að endurskoða námsmat með tilliti til endurgjafar sem þarf að vera skipulagðari og markvissari | Skólastjórnendur Kennarar | Vor 2013 | Þróunarvinnu með faglegri leiðsögn | Með endurskoðun á gæðagreini 2.1 |
| Að auka nemendalýðræði | Allt starfsfólk | Vor 2014 | Þróunarvinna með þátttöku nemenda | Matskönnun út frá nemendum, foreldrum og kennurum |

Mat á gg 2.1 námsreynsla nemenda – mat nemenda

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveimur vinnuhópum, með samtals 10 nemendum úr 6. – 10. bekk í Varmahlíðarskóla fimmtudaginn 01.03.2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunn: 4, Gott, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Það eru flestir nemendur áhugasamir
- Nokkrir sem taka virkan þátt í náminu
- Þeir nemendur sem koma í skólann vilja vera hérna lengur. Komið fram við nemendur af virðingu
- Nám er fjölbreytt og reynt að gera eitthvað sem við skiljum
- Skoðanir virtar
- Nemendur hjálpa öðrum nemendum sem eiga í erfiðleikum með námið
- Nemendur leggja sig fram í skólastarfi
- Flestir nemendur hafa góðar framfarir í námi
- Kennarar koma til móts við hugmyndir okkar
- Þegar við komum með hugmyndir er þeim tekið alvarlega
- Við reynum að gefa sem mest af okkur
- Flest allir leggja sig fram

Veiku hliðarnar okkar:

- Það eru nokkrir sem eru ekki áhugasamir
- Fíflalæti í kennslustund
- Sum atriði gætu verið fjölbreyttari (námið, innsk. HH)
- Við látum frekar í ljós óánægju
- Sumir nemendur óöruggir
- Vantar áhuga á námi
- Kennarar þurfa að upplýsa nemendur meira um námsárangur
- Sumir kennarar mega koma betur fram við nemendur
- Kennarar fara alls ekki vel eftir punktakerfi

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Slepptum þessum lið að sinni

Þróunaráætlun gg 2.1 námsreynsla nemenda – mat nemenda

Markmið með umbótum:

- Ekkert sett fram

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|---------------------|-----------------------------|---|---|
| Sumir nemendur þurfa að hætta að grípa fram í fyrir öðrum nemendum | Allir nemendur | Því verður aldrei lokið | Kennarar þurfa að leggja áherslu á að nemendur hætti | Meta gæðagreini aftur |
| Nota punktakerfið meira | Allir starfsmenn | Aldrei lokið | Kennarar þurfa að nýta það og kynna sér það betur | Meta gæðagreini aftur |
| Líta frekar á björtu hliðarnar | Allir nemendur | Aldrei lokið | Virkja nemendur | Meta gæðagreini aftur |
| Áhugasamari nemendur | Starfsfólk | Aldrei | Meiri fjölbreytni | Kennari sér meiri áhuga nemenda |
| Kennarar veita meiri endurgjöf | Kennarar | Aldrei | Kennarar þurfa að upplýsa nemendur meira um námsárangur | Nemendur geta bætt sig í því sem þeir eru slakastir í |
| Sumt starfsfólk má koma betur fram | Starfsfólk | Aldrei | Starfsfólk þarf að koma betur fram | Ánægðari nemendur |
| Nemendur þurfa að láta ánægju sína í ljós | Nemendur | Aldrei | Nemendur þurfa að vera ánægðir með það sem þeir hafa | Ánægðara starfsfólk og skóli |
| Kennarar þurfa að nota punktakerfið rétt | Kennarar | Aldrei | Punktakerfið er fast kerfi | Ánægðari nemendur |

Endurskoðun skólastefnu

Vinnulag: Unnið var að endurskoðun skólastefnu á tveimur starfsmannafundum dagana 7. og 21. mars 2012. Starfsfólki var skipt upp í 5-6 manna hópa, sex matsþættir lágu fyrir til mats fyrri daginn enn fimm þættir þann síðari. Hver hópur hafði til skoðunar einn þátt úr skólastefnunni, vann að mati á þeim þætti og setti fram þróunaráætlun þar sem við átti. Ennfremur settu nokkrir hópar fram athugasemdir við skólastefnuna eða lögðu fram tillögur að nýjum leiðum í skólastefnu.

Viðfangsefni: Endurskoðun og mat starfsfólks, 2 þættir liggja til grundvallar:

- 1. Að meta hvort skólarnir starfa í anda skólastefnu Skagafjarðar**
 - Þættir skólastefnu metnir með aðferðum Gæðagreina, umbótaáætlun gerð fyrir hvern þátt í hverjum skóla
- 2. Starfsmönnum skólanna gefst tækifæri til að setja fram athugasemdir eða viðbætur við leiðir í skólastefnu**
 - Starfsmenn skrá athugasemdir/viðbætur á matsblöð

Matsgögn: Skólastefna sveitarfélagsins Skagafjarðar skiptist í þrjú hluta, **A: Nám og kennsla**, **B: Starfsumhverfi** og **C: Samskipti**. Hver hluti skiptist í 11 gæðagreina sem metnir eru.

Samantekt, matsgögn og þróunaráætlanir

A1 Nám og kennsla

- | |
|---|
| <ul style="list-style-type: none">• Skagfirskir skólar hafi vellíðan nemenda og hamingju að leiðarljósi |
|---|

Heildareinkunn: 5, *Mjög gott*, afar sterkur þáttur

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Bekkjarfundir haldnir reglulega þar sem rædd eru fjölbreytt mál og eins þau málefni sem þörf þykir á hverju sinni
- Fjölbreyttur matseðill er í mötuneyti þar sem áhersla er lögð á að fylgja fæðuhringnum

- Starfandi er hópur starfsmanna sem heitir *Heilsueflandi grunnskóli* sem vinnur í samstarfi við Lýðheilsustöð. Þessi hópur er mjög virkur í vetur og margskonar verkefni sem hann stendur fyrir, s.s. dans o.fl.
- Skólinn tekur þátt í ýmsum „átökum“ á landsvísu, s.s. Norræna skólahlaupinu, viku námsferð f. 9. b. í hestafræðum á Holum, skíðaferðir fyrir alla árganga, skólahreysti, íþróttakeppni milli grunnskóla í Skagafirði. 9.b. fer í 2ja daga gönguferð í Hildarsel að hausti
- Fylgst er náið með líðan nemenda og er smæð skólans afgerandi þáttur. Reglulega er farið yfir bekkni á starfsmannafundum það sem viðhorf allra starfsmanna koma fram varðandi nemendur. Námsráðgjafi kemur í skólann vikulega, eins sálfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur
- Haldnir eru reglulegir bekkjarfundir í anda Olweusar, eins og áður hefur komið fram
- Unnið er þvert á aldurshópa í ýmsum verkefnum. Gagnkvæmar heimsóknir milli skólans og leikskólans og 10.b. fer í kynnisferðir í FNV
- Unnið er skv. forvarnarstefnu sveitarfélagsins. Maritafraeðsla. Skólinn tekur þátt í Reyklausa deginum. Skólahjúkrunarfræðingur sér um almenna kynfræðslu

Veiku hliðarnar okkar:

- Ekki er til heildstæð lífsleikniáætlun
- Auka mætti almenna útivist nemenda og starfsmanna með gönguferðum, stuttum sem löngum. Þetta má bæta enn frekar með því að koma á áhugasviðstengdu námi einstaklinga
- Erfitt er að fullyrða að tekið sé á öllum málum þrátt fyrir góðan vilja til þess þar sem aldrei er öruggt að öll mál komi upp á yfirborðið
- Ekki er sérstök forvarnarstefna innan skólans
- Áfallastefna er ekki til innan skólans

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Eftirsóknarvert er að koma á áhugasviðstengdu námi eins og vísir er kominn að í 9.bekk.

A1 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Hollusta og vellíðan

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|------------------------|---------------------|-----------------------------|----------------|-------------------------------|
| Vinna að því að koma á | Skólastjórar/ | Vor 2012 | Skipulag | Verk- og |

| | | | | |
|-----------------------|------------------|--|--|---------|
| áhugasviðstengdu námi | umsjónarkennarar | | | munlega |
|-----------------------|------------------|--|--|---------|

A2 Nám og kennsla

- Skagfirskir skólar bjóði upp á góða menntun við hæfi sérhvers nemanda

Heildareinkunn: 5, Mjög gott, afar sterkur þáttur

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- C – Samvinna hefur verið við FNV í fjöldamörg ár eins og t.d. í UTN
- D – all nokkur samvinna hefur verið milli skóla í Skagafirði t.d. í Byrjendalæsi, Moodle – Dropbox og Comeniusarverkefni af ýmsum toga. Félagsmiðstöðin Friður er með sameiginlega starfsstöð á Sauðárkróki
- E - Mjög fjölbreyttar valgreinar
- I – fagfólk á mörgum sviðum s.s. sálfræðingur, þroskaþjálfari, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og sérkennari
- K – í skólanum eru nemendur frá mörgum löndum. Trúarbragðafræði kynnt á öllum skólastigum
- L – nemendaverndarráð er starfandi við skólann
- M – sérstakar einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með frávik

Veiku hliðarnar okkar:

- G - Námsráðgjafi hefur ekki verið starfandi við skólann fyrr en í haust og nú er sóknarfæri í þessum efnum
- J - vitum ekki til að jafnréttisstefna sé til í skólanum – þar sem ekki hefur verið til skólanámskrá fram að þessu
- N - á unglíngastigi er verið að þróa samstarf við FNV um bráðgera nemendur en þyrfti að færa slíka vinnu niður á neðri skólastigin, þ.e. vinnu með bráðgera nemendur
- R – leiðsagnarmat hefur ekki verið tekið upp í VHS
- Q – kynningarfundir eru haldnir á haustin til upplýsingar og kennsluáætlanir aðgengilegar á Mentor
- S – fylgir kennaramenntun og gott aðgengi að fagfólki við skólann
- Tilgangur matsins er að nýta niðurstöðurnar

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Ekkert sett fram

A2 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Að klára skólanámskrá fyrir Varmahlíðarskóla

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|-------------------------------------|---------------------|-----------------------------|--------------------------------------|--|
| Halda áfram vinnu við skólanámskrá! | Starfsfólk | Fyrir 4. apríl | Skipulagða fundi Áframhaldandi vinnu | Endurskoða skólanámskrána eftir að unnið hefur verið eftir henni í ákveðinn tíma |

A3 Nám og kennsla

- Skagfirskir skólar leggi áherslu á ástundun, námsárangur og vitneskju allra um eigin ábyrgð og skyldur

Heildareinkunnagjöf: 4, *Gott*, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Námsmat reglulegt
- Reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda
- Reynt að ýta undir sjálfstæði nemenda og skapandi hugsun eftir mætti
- Samskipta- og umgengnisreglur eru skýrar

Veiku hliðarnar okkar:

- Ekki lögð nógu mikil áhersla á að nemendur starfi samkvæmt eigin áætlunum og meti sjálfir árangur sinn
- Nemendur þyrftu að bera meiri ábyrgð á eigin námi og mótun skólastarfs
- Fylgja eftir og kynna þyrfti samskipta- og umgengnisreglur betur

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Stefnum að því að taka upp leiðsagnarmat með aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi

A3 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Nemendur beri meiri ábyrgð á eigin námi og mótun skólastarfs
- Fylgja þyrfti betur eftir samskipta- og umgengnisreglum

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|---|-------------------------|-----------------------------|---------------------------|-------------------------------|
| Koma á leiðsagnarmati í öllum bekkjum | Umsjónarkennarar | Haust '12 eða jan. '13 | Ákvörðun umsjónar-kennara | Með nýju mati |
| Kynna betur og ræða reglulega þær samskipta- og umgengnisreglur sem gilda og allt starfsfólk skólans sé samtaka um að framfylgja þeim | Allt starfsfólk skólans | Vera alltaf í gangi | Sameiginlega ákvörðun | Með nýju mati |

A4 Nám og kennsla

- Skagfirskir skólar leggi rækt við sérstöðu skólaumhverfis síns, náttúrufar, sögu og menningu heimabyggðar

Heildareinkunnagjöf: 4, *Gott*, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Við nýtum umhverfið okkar mjög vel, sérstaklega á vorin og haustin
- Við nýtum náttúru, sögu og menningu vel

Veiku hliðarnar okkar:

- Gætum nýtt umhverfi okkar betur yfir háveturinn, samanber útistofa
- Þyrftum að móta okkur sterkari umhverfisstefnu
- Þyrftum að klára Grænánaverkefni og flagga honum sem fyrst

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nýta umhverfið vel og menningararf okkar

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Ekkert sett fram

A4 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Setja okkur umhverfisstefnu og flagga Grænfána

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|---------------------|-----------------------------|---|-------------------------------|
| Setja sér markmið og stefnu í umhverfismálum Hafa hana sýnilega og fara eftir henni | Allir starfsmenn | Vor 2013 | Vilja og jákvæðni og samvinnu, plús kók og súkkulaði!!! | Með sjálfsmati |

B1 Starfsumhverfi

- Skagfirskir skólar bjóði nemendum samfelldan vinnudag sem skiptist í frjálstan leik, bóklegt nám, verklega þjálfun, iðkun lista og tómstundastarf

Heildareinkunnagjöf: 4, *Gott*, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Gott að hafa félagsmálin í beinum tengslum við skólastarfið
- Jákvætt að boðið er upp á ferðir á föstudögum fyrir eldri nemendur
- Forréttindi að hafa tónlistarskóla á skólatíma
- Frábært að ípróttastarf fyrir yngri nemendur miðast við skólabílaakstur
- Nemendur fara í vetur og heimsækja eldri borgarastarfið á Löngumýri

Veiku hliðarnar okkar:

- Þarf að bæta skipulag á fimmtudögum fyrir nemendur í félagsmálum

- Þyrfti að auglýsa betur hérna hvað er að gerast út á Krók sem og að kynna betur fyrir foreldrum hvað félagsstarfið hefur upp á að bjóða
- Okkur finnst nemendur í 4. bekk of ungir til að fara með Frístundarstrætó
- Mættu vera fleiri ferðir fyrir eldri nemendur eins og á diskótek sem haldin eru á Króknum
- Heildstæð vistun er ekki til staðar núna en þyrfti e.t.v. að kanna þörfina fyrir þetta í Varmahlíð
- Tengsl eldri borgara og nemenda mætti vera fjölbreyttari t.d. bjóða ömmum og öfum að koma í heimsókn og biðja þau um að fræða og miðla til barna um gamla tíma. (Tengja það við ákv. verkefni sem eru í skólanum)

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Tengsl skólastarfs og frístundastarfs

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Liður E passar ekki inn í Skólastefnu Skagafjarðar. Það hentar mun betur að skólinn meti hverju sinni hvort heimsóknir eigi við
- Leggjum til að sveitarfélagið skoði reglulegar ferðir, hringinn í firðinum (einnig út að austan) virka daga fyrir framhaldsskólanemendur, þá gætu grunnskólanemendur nýtt síðdegisferðina heim eftir íþróttæfingar/félagsstörf

B1 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Heilsdagsvistun

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|---------------------|-----------------------------|-----------------------|---------------------------------|
| Kanna hvort þörf sé á heilsdagsvistun við Varmahlíðarskóla | Skólayfirvöld | Fyrir upphaf næsta skólaárs | Könnun meðal foreldra | Skoða niðurstöður könnunarinnar |

B2 Starfsumhverfi

- Skagfirskir skólar leggi áherslu á að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hefi velferð nemenda að leiðarljósi

Heildareinkunnagjöf: 4, Gott, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Liður I: Starfsmenn Varmahlíðarskóla hafa mikla reynslu af að gera áætlanir um ýmsa þætti, sbr. útikennslu, námsmat, Grænfána, skólaferðaáætlanir. Hinsvegar er þeim allt of lítið framfylgt, sbr. allir áður upptaldir þættir
- Almennt: Starfsmenn upp til hópa eru að okkar mati jákvætt og samstarfsfúst fólk sem hægt er að byggja á í samstarfi og uppbyggingu skólastarfs. Hinsvegar er full til mikil vanafesta í starfshópnum sem gerir möguleika á breytingum stundum hægvirkar

Veiku hliðarnar okkar:

- Liður B: Okkur finnst einmitt vanta markvissa leiðsögn fyrir nýliða. Það á við allar starfsstéttir í húsinu. Þá vantar starfsmannahandbók, tíma og útnefnda aðila til að sinna þessu
- Liður D: hér er velvilji gagnvart endurmenntun en við teljum að hún sé ekki skipulögð að miklu leyti. Byrjendalæsi er dæmi um verkefni sem er í góðum farvegi hvað endurmenntun varðar, en öfugt er farið með grænfána, útikennslu, ofl.
- Liður E: Fræðsludagur starfsfólks skóla eins og var haldinn í haust er til fyrirmyndar. Einnig var gott þegar Þóra Björk sendi póst á alla skóla um námskeið um dyslexíu nú í febrúar og safnaði saman í hóp fyrir fjarfund. En enn er oflítið samráð milli skóla með námskeið og endurmenntun

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Ekkert sett fram

B2 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Ekkert sett fram

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|---------------------|-----------------------------|---------------------------------------|-------------------------------|
| Það þarf að: klára starfsmannahandbók áætlun um móttöku nýliða í starfi efla samvinnu skóla í endurmenntunarstarfi, t.d. með | Nefnd Ragnheiðar | Í vor | Hún þarf að fá tíma til þess | |

| | | | | |
|---|--|--|--|--|
| útikennslu, Grænfána, tákni með tali. koma upp endurmenntunaráætlun sem hægt er að vinna eftir | | | | |
|---|--|--|--|--|

B3 Starfsumhverfi

- Skagfirskir skólar séu eins vel búnir og öruggir og best verður á kosið, svo skólastarfið og staðblærinn geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel

Heildareinkunnagjöf: 3, Nægilegt, sterk atriði rétt ná að veða meira en slök

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- C - Til er starfslýsing fyrir alla starfsmenn
- E - Ýmislegt er gert til að ná starfsfólki saman en betur mætti gera daglega
- G - Starfsfólk og nemendur gera eins vel og hægt er til að gera skólann aðlaðandi og hlýlegan
- J - Aðgengi nemenda að leiksvæði er ágætt
- K – Búið er að forgangsraða viðhaldsverkefnum

Veiku hliðarnar okkar:

- A- Verið að vinna að starfsmannastefnu skólans, eftir er að móta hana við starfsmannastefnu Sveitarfélagsins
- B- Skipurit er ekki til yfir starfsemina
- D- Mætti vera opinberari og aðgengilegri stefna í að hvetja starfsfólk til íþróttaiðkunar
- E- Aðgreina þarf kennarastofu og kaffistofu
- F- Nauðsynleg tæki eru til staðar en tækjakostur hefur ekki fylgt þeim framförum sem eru fyrir hendi, t.d. þráðlaust net
- H - Stýring á aðkomu og brottför bíla ekki nægileg
- I - Afmarka þarf betur leiksvæði frá akstursleið (aðföng)
- J - Hanna þarf leiksvæði fyrir nemendur
- L- Vantar að uppfylla kröfur um öryggi leiksvæðis
- F - Rýmingaráætlun ekki til en er í vinnslu
- G- Vantar samræmda stefnu um þessi mál í sveitarfélaginu

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að skólarnir séu búnir góðum kennslutækjum og áhöldum og tryggð sé eðlileg endurnýjun þeirra

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Ekkert sett fram

B3 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Skagfirskir skólar séu eins vel búnir og öruggir og best verður á kosið, svo skólastarfið og staðblærinn geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel.

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|---|---------------------|-----------------------------|----------------------------|---|
| Uppfæra tækjabúnað, kennslutæki og áhöld í takt við nútíma skólastarf á 21. öld | Sveitarfélagið | Aldrei, er stanslaus þróun | Viðhorf, vilja og fjármuni | Fram fari úttekt á tækjakosti skólans í byrjun eða lok skólaárs |

C1 Samskipti

- Skagfirskir skólar vinni markvisst með foreldrum og veiti þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu

Heildareinkunnagjöf: 4, *Gott*, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- C) Árleg foreldrakönnun markvist notuð í skólanum til upplýsingaafllana um skoðanir foreldra
- F) Kynningarfundir, 2 foreldrafundir á ári, foreldraviðtöl, heimasíðan reglulega uppfærð, vikulegir tölvupóstar, opinn skólabragur

Veiku hliðarnar okkar:

- B) Skólanámskrá er í vinnslu
- D) Leiðsagnamat ekki til staðar í skólanum

- G) Vantar samskiptaveitu/hlekk á heimasíðu skólans þar sem foreldrar geta gert athugasemdir eða komið á framfarið skilaboðum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að ljúka skólanámskrá

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Ekkert sett fram

C1 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Ljúka skólanámskrá Varmahlíðarskóla

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|-------------------------------------|---------------------|-----------------------------|------------------------------------|--|
| Halda áfram með skólanámskrárvinnu. | Starfsfólk skólans | Vor 2012 | Tíma, skipulag og jákvætt hugarfar | Með því að athuga hvernig hún reynist í framkvæmd. Endurskoða þarf námskrána reglulega |

C2 Samskipti

- Skagfirskir skólar leggi áherslu á að mat á skólastarfi nýtist til að tryggja þróun og umbætur

Heildareinkunnagjöf: 4, *Gott*, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Erum með kennsluráðgjafa sem heldur vel utan um sjálfsmat skólans
- Reglulegt eftirlit á vegum ráðuneytisins
- Allir starfsþættir metnir reglulega með gæðagreinum

Veiku hliðarnar okkar:

- Ekkert sjálfsmat fór fram á síðasta skólaári
- Niðurstöður matsins hafa ekki verið nýttar með markvissum hætti

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að nýta niðurstöður til úrbóta í skólasterfinu

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Athuga hvort að þessi liður eigi að vera undir samskipti

C2 Þróunaráætlun

- Ekkert sett fram

C3 Samskipti

- | |
|--|
| <ul style="list-style-type: none">• Skagfirskir skólar starfi saman á forsendum allra skólagerða og -stiga |
|--|

Heildareinkunnagjöf: 2, *Slakt, mikilvæg atriði slök*

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- I Stjórnendur skólanna hittast oft

Veiku hliðarnar okkar:

- A Við viljum fá fastan fundartíma einu sinni á mánuði eða á tveggja mánaða fresti þar sem starfsfólk skólanna sem vinnur á sama sviði, t.d. heimilisfræðikennarar, hittast. Starfsfólkið hittist ekki oft. Mjög lítið upplýsingastreymi á milli skóla
- B Vantar skilafundi, tölvupóst, símtal, samræður
- C Vantar meira samstarf milli starfsmanna með sérþekkingu
- D G Samstarf milli skóla mjög lítið
- H Nauðsynlegt að samræma skólanámskrár á milli skóla

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Ekkert sett fram

C3 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Að efla samstarf milli grunnskóla í Skagafirði

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|----------------------------------|------------------------------|-----------------------------|----------------|---|
| Koma á sameiginlegum starfsdögum | Skólastjórnendur skipuleggja | Fyrir haust 2012 | Samstarfsvilja | Með sjálfsmati starfsmanna og ánægjuvuginni |

C4 Samskipti

- Skagfirskir skólar veiti foreldrum, nemendum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf vegna skólastarfs

Heildareinkunnagjöf: 4, *Gott*, mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Aðgangur að fagfólki á vegum Fræðsluþjónustu og í skólum er góður

Veiku hliðarnar okkar:

- Ráðgjöf og upplýsingaflæði gæti verið betra, það mæti vera með meiri fræðslu fyrir allt starfsfólk skólanna, sameiginlegt skóladagatal myndi auðvelda alla sameiginlega fræðslu meðal allra skólanna. Fræðsludagur að hausti er góður svo langt sem hann nær en það er of algengt að það sé boðið upp á námskeið t.d. í einum skólanna, sem aðeins fáir vita af

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Ekkert sett fram

Athugasemdir eða viðbót við leiðir:

- Okkur finnst leiðir e ekki eiga við og liður J fannst okkur erfitt að meta, við vitum að það er unnið úr niðurstöðum sjálfsmats en vitum eki nóg um hina liðina

C4 Þróunaráætlun

Markmið með umbótum:

- Að sinna betur sameiginlegri fræðslu til alls starfsfólks skóla í Skagafirði

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|---------------------------------------|-----------------------------|--|-------------------------------|
| <ul style="list-style-type: none"> • Samræma skóladagatöl skóla í héraði • Hafa yfirsýn yfir fræðsluþörf starfsmanna skólanna • Passa að allir starfsmenn allra skóla hafi vitneskju um fræðslufundi og námskeið sem bjóðast í héraði | Fræðsluskrifstofa og skólastjórnendur | Á alltaf að vera í gangi | Kanna fræðsluþörf starfsmanna. Samræma dagatöl. Tala saman | |

Athugasemdir eða tillögur að nýjum leiðum sem starfsfólk Varmahlíðarskóla setti fram vegna endurskoðunar á skólastefnu Skagafjarðar:

A1 Eftirsóknarvert er að koma á áhugasviðstengdu námi eins og vísir er kominn að í 9.bekk

A3 Stefnum að því að taka upp leiðsagnarmat með aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi

B1 Liður E passar ekki inn í Skólastefnu Skagafjarðar. Það hentar mun betur að skólinn meti hverju sinni hvort heimsóknir eigi við.

(innsk. HH. Liður e: að efla samvinnu og tengingu skóla við íþróttá- og æskulýðsfélög, menningarstofnanir og atvinnulíf **með því að:** *bjóða listastofnunum, menningar-íþróttá- og æskulýðsfélögum að kynna starfsemi sína í skólunum*)

Leggjum til að sveitarfélagið skoði reglulegar ferðir, hringinn í firðinum (einnig út að austan) virka daga fyrir framhaldsskólanemendur, þá gætu grunnskólanemendur nýtt síðdegisferðina heim eftir íþróttáæfingar/félagsstörf

C2 Athuga hvort að þessi liður eigi að vera undir samskipti.

(innsk. HH. Liður C2: *Skagfirskir skólar leggi áherslu á að mat á skólastarfi nýtist til að tryggja þróun og umbætur*)

C4 Okkur finnst liðir e ekki eiga við og liður j fannst okkur erfitt að meta, við vitum að það er unnið úr niðurstöðum sjálfsmats en vitum ekki nóg um hina liðina.

(innsk. HH. Liður e: að styðja faglegt starf skólastjórnenda og starfsmanna **með því að:** veita skólastjórnendum rekstrarlega ráðgjöf. Liður j: að fylgjast með gæðum skólastarfs og stuðla að leiðum til að auka þau **með því að:** vinna markvisst úr upplýsingum svo sem sjálfsmati, niðurstöðum samræmdra prófa og öðrum upplýsingum sem nýtast til eflingar skólastarfs)

Kannanir

Í Varmahlíðarskóla eru viðhorfakannanir lagðar fyrir reglulega. Slíkar kannanir styðja við sjálfsmat skólans og gefa vísbendingar um viðhorf til skólastarfsins á hverjum tíma. Árlega er könnun lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7., og 10. bekk á foreldradegi í nóvember. Á skólaárinu var ákvörðun tekin um að leggja nemendakönnun fyrir sömu árganga utan nemenda í 2. bekk. Árleg skimun hefur hingað til verið lögð fyrir kennara skólans í lok hvers skólaárs en var nú lögð fyrir allt starfsfólk skólans.

Olweusarkönnun er lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í nóvember ár hvert. Niðurstöður foreldra- og nemendakannana er að finna á vef skólans, <http://www.varmahlidarskoli.is/> undir hlekknum *skólastarfið*.

Kannanirnar á vegum skólans eru lagðar fyrir á rafrænu formi í könnunarforritinu *Lime survey*. Könnunarforrit þetta er svokallaður *open source* hugbúnaður og hefur tölvuumsjónarmaður Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Jóhann Friðriksson, séð um að þýða það yfir á íslensku. Forritið er afar notendavænt og þægilegt í uppsetningu á könnunum og úrvinnslu þeirra. Slóðin að upplýsingum um forritið er <http://www.limesurvey.org/>.

Umfjöllun um hverja og eina þeirra má sjá hér á eftir.

Foreldrakönnun

Ný foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra/forsjáraðila nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk í nóvember. Könnunin var send til foreldra í tölvupósti. Könnunin byggir að hluta til á fyrri foreldrakönnun en lögð var áhersla á að aðlaga hana betur að sjálfsmatsaðferðum skólans. Spurningar og svör úr könnuninni eru nú flokkaðar skv. Gæðagreinum 2. Þegar matsvinna fer fram er því aðgengilegt að nálgast sönnunargögn/vísbendingar í sjálfsmati í þeim þáttum sem könnunin nær til.

Foreldrar voru beðnir um að svara lykilsurningum um skólastarfið en sú nýbreytni er í könnuninni að hægt er að rökstyðja svarmöguleika með frjálsu textasvari.

Þátttaka mældist um 78%. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja um 83% foreldra Varmahlíðarskóla vera *mjög góðan* eða *góðan* skóla. Um 81% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi, *fremur vel* eða *mjög vel*. Einnig segja um 81% foreldra að barninu þeirra líði *alltaf vel* eða *oftast vel* í skólanum. Þegar foreldrar voru spurðir að því hvort þeir gætu mælt með Varmahlíðarskóla við aðra svöruðu um 88% þeirra *mjög sterktlega* eða *já, frekar*. Viðhorf foreldra til umsjónarkennara barns þeirra var afar jákvætt, 54% þeirra svöruðu að viðhorfið væri *mjög jákvætt* og 35% að viðhorfið væri *fremur jákvætt*. Heildarniðurstöður foreldrakönnunarinnar má skoða [hér](#) á heimasíðunni.

Nemendakönnun

Ný nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk á vorönn. Spurningarnar og svör eru flokkuð skv. Gæðagreinum 2. Gott aðgengi starfsfólks er því að sönnunargögnum/vísbendingum í sjálfsmati í þeim þáttum sem könnunin nær til. Niðurstöður úr könnuninni sýna m.a. að 82% nemenda segja að þeim líði *mjög vel* eða *vel* í skólanum. Um 88% nemenda finnst námsþörfum sínum vera sinnt *mjög vel* eða *vel*. Um 80% nemenda finnst þeir vera í *mjög góðum* eða *góðum* bekk. Um 90% nemenda upplifa öryggi í skólanum *nánast alltaf* eða *venjulega*. Um 69% nemenda finnst þeir taka *mjög mikla* eða *mikla* ábyrgð á eigin námi og um 78% þeirra telja að nám þeirra í Varmahlíðarskóla undirbúi þá *mjög vel* eða *vel* undir framtíðina. Um 86% nemenda segja skólann vera *mjög góðan* eða *góðan*. Heildarniðurstöður úr nemendakönnun má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Árleg skimun starfsfólks

Ný árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk skólans í fyrsta sinn í lok skólaársins. Áður hafði sambærileg skimun verið lögð fyrir kennara og stjórnendur skólans árlega. Nýja skimunin er byggð á nýrri útgáfu af sjálfsmatskerfinu Gæðagreinum. Ákveðið var að

framvegis yrði hún lögð fyrir allt starfsfólk skólans. Auk einkunnagjafar í hverjum matsþætti getur starfsfólk rökstutt svör sín með frjálsu textasvari þar sem við á. Með þeim hætti fæst betri yfirsýn yfir viðhorf starfsfólks til einstakra þátta skólastarfsins. Heildarniðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Einnig má þar sjá hlutfall þeirra sem gefa einkunnir á bilinu 4-6, þ.e. *Gott*, *Mjög gott* eða *Framúrskarandi*, í hverjum matsþætti.

Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður úr skimuninni sem þarfnast úrbóta að mati starfsfólks:

- Þróun skólanámskrár sbr. Aðalnámskrá grunnskóla 2011
- Þróun námsmatsaðferða og úrvinnsla upplýsinga
- Leita leiða til að auka náms- og starfsráðgjöf
- Auka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og samstarfsstofnana í stefnumótun og áætlanagerð skólastarfsins
- Auka gæði þróunaráætlana og skilvirkni í eftirfylgni þeirra
- Auka velferð starfsmanna og huga að betri samþættingu og virkni starfsmanna og sérfræðinga
- Auka möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar
- Auka upplýsingastreymi varðandi rekstur skólans
- Nýta skólahúsnaðið betur til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi
- Auka hollustugildi og fjölbreytni í mötuneyti skólans í gegn um verkefnið *Heilsueflandi skóli*

Samantekt og helstu niðurstöður

Starfsfólk vann að mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðum skv. Gæðagreinum 2. Ákveðið var að taka til mats lykilþátt 5 um *menntun*. Sá þáttur er án efa mikilvægastur og þyrfti í raun að meta á hverju skólaári enda kjarni skólastarfsins nám og kennsla. Hluti gæðagreinanna í lykilþætti 5 er snúa beint að námi og kennslu var lagður fyrir til mats hjá kennurum og stjórnendum, það voru gæðagreinar 5.2, 5.3 og 5.4. Allur starfsmannahópurinn mat gæðagreina 5.5, 5.6, 5.7 og 5.8. Með gæðagreinum í lykilþætti

5 gefst tækifæri til að skoða og meta einstakar námsgreinar en það var ekki gert að þessu sinni. Einnig var gæðagreinir 2.1 um *námsreynslu nemenda* lagður fyrir til mats bæði hjá nemendum og starfsfólki. Vinnulag, matsniðurstöður og umbætur eru settar fram í sér köflum fyrir hvern gæðagreini í sjálfsmatsskýrslunni. Hér á eftir má sjá stutta samantekt á viðfangsefnum mats í hverjum gæðagreini fyrir sig, niðurstöður þess og helstu leiðir til umbóta sem lagðar voru fram.

Á skólaárinu kom ósk frá fræðslunefnd sveitarfélagsins um að starfsfólk skólanna í Skagafirði myndi meta og endurskoða skólastefnu sveitarfélagsins Skagafjarðar. Sú vinna fór fram með sjálfsmatsaðferðum Gæðagreina. Skólastefnan var því sett fram á gæðagreinaform og starfsfólk vann að mati á henni með hefðbundum aðferðum sjálfsmats skólans. Mat á skólastefnunni og athugasemdir og/eða tillögur að nýjum leiðum við hana voru lagðar fram og samantektarskýrsla gerð í kjölfarið sem send var fræðslustjóra. Niðurstöður mats í öllum þáttum skólastefnunnar má sjá nánar í sér köflum í sjálfsmatsskýrslu.

Gæðagreinir 5.2 *Kennsla sem leiðir til árangursríks náms*

Gæðagreinirinn tekur á þáttum s.s. námsmenningu og kennsluaðferðum, samskiptum kennara og nemenda og þátttöku nemenda í námsverkefnum, skýrleika og tilgangi tjáskipta og mati sem lið í kennslu.

Niðurstöður mats voru á þá leið að matshópur sem samanstóð af kennurum gaf einkunnina 4 eða Gott, skv. einkunnaskala eru mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Til að vinna úr niðurstöðum matsins munu úrbætur felast í að efla fjölbreytt skólastarf, bæta tækjakost skólans, rýna í námsmatsþáttinn og efla tengsl nemenda við atvinnulíf í heimahéraði.

Gæðagreinir 5.3 *Til móts við námsþarfir*

Gæðagreinirinn tekur á greiningu námsþarfa, hlutverki kennara og sérfræðinga, verkefnum og úrræðum og framkvæmd í samræmi við ákvæði laga.

Niðurstöður matshóps kennara var einkunnin 4 eða Gott, mikilvæg atriði í gæðagreininum yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Til að bregðast við niðurstöðum matsins verður m.a. reynt að koma betur til móts við námsþarfir allra nemenda með því að innleiða námsáætlanagerð samhliða breyttu námsmati.

Gæðagreinir 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat

Gæðagreinirinn tekur á matsaðferðum, áætlunum um nám og viðfangsefni, notkun á matsupplýsingum til greiningar á námsstöðu nemenda til að skipuleggja áframhaldandi nám og fyrirkomulagi skráningar og vitnisburðar.

Niðurstöður matshóps kennara var einkunnin 3, Nægilegt, þar sem sterk atriði rétt ná að vega meira en slök.

Úrbætur munu felast í því að finna leiðir til að gera nemendur meðvitaðri og ábyrgari um eigið nám og skoða nýjar leiðir varðandi námsmat. M.a. mun sú vinna fara fram undir leiðsögn Þóru Bjarkar sérkennslu- og kennsluráðgjafa fræðsluþjónustu Skagafjarðar.

Gæðagreinir 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Gæðagreinirinn tekur á væntingum starfsfólks og nemenda um námsárangur, skólabrag sem stuðlar að árangri og samskiptum starfsfólks og nemenda.

Niðurstöður matshóps starfsfólks í mati á þessum gæðagreini var 4, Gott, þar sem mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Úrbætur munu felast í því að finna fleiri leiðir til að veita nemendum viðráðanleg viðfangsefni og bæta námsumhverfið t.d. til verkgreinakennslu. Einnig er á áætlun að efla leiðir til sjálfstyrkingu nemenda og auka gæði einstaklingsnámskrá. Ennfremur verður lögð áhersla á að bæta samskipti, traust og virðingu innan starfsmannahópsins.

Gæðagreinir 5.6 Jafnrétti og sanngirni

Skóli fyrir alla, leiðir til námsaðlögunar eru viðfangsefni þessa gæðagreinis. Einnig tekur hann á jafnrétti og sanngirni í skólastarfinu.

Niðurstöður í þessum matsþætti var einkunnin 5, Mjög gott sem skilgreinist sem afar sterkur þáttur í skólastarfinu.

Leiðir til úrbóta voru settar fram og felast þær í að finna leiðir til að draga úr hindrunum í skólastarfi og er ætlunin að námsráðgjafi og kennarar vinni að því verkefni.

Gæðagreinir 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra

Þessi gæðagreinir tekur á m.a. á þátttöku foreldra í námi barna sinna svo og þátttöku þeirra í skólastarfinu almennt. Hvernig samráð og samvinnan er á milli nemenda, foreldra og starfsfólks skólans.

Í þessum matsþætti var einkunnin 5, Mjög gott gefin sem skv. einkunnaskala er því afar sterkur þáttur í skólastarfinu.

Alltaf má gera betur og því var sett fram í áætlun um úrbætur að bæta enn frekar samskipti heimila og skóla og gera nemendur og foreldra meðvitaðri um námið. Í því skyni að skoða m.a. nýjar leiðir í námsmati.

Gæðagreinir 5.8 Umhyggja, velferð og þroski nemenda

Þessi gæðagreinir tekur á hvernig umsjón með umhyggju, velferð og öryggi nemenda er skipulögð í skólastarfinu og hvaða aðferðir og úrræði eru nýtt til að mæta fjölbreyttum þörfum þeirra. Gæðagreinirinn tekur ennfremur á náms- og starfsfræðslu sem skólinn veitir.

Niðurstöður mats í þessum gæðagreini var einkunnin 5, Mjög gott, sem telst vera afar sterkur þáttur í skólastarfinu.

Leiðir til úrbóta felast einkum í því að efla almennt velferð nemenda. Það verður gert m.a. með því að fylgja eftir markmiðum um heilsueflandi grunnskóla varðandi mataræði og fá fræðslu fyrir starfsfólk um ofbeldi. Einnig að koma á reglulegum brunaæfingum. Þá er ætlunin að efla náms- og starfsráðgjöf.

Gæðagreinir 2.1 Námsreynsla nemenda

Gæðagreinirinn metur gæði námsreynslu nemenda. Hvernig námsáhugi er vakinn og hvernig tekst að viðhalda honum og virkja nemendur til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska. Gæðagreinirinn var lagður fyrir til mats bæði hjá hópi nemenda í 6. – 10. bekk og einnig fyrir starfsfólk.

Niðurstöður úr mati hjá bæði nemendahópnum og starfsmannahópnum voru samhljóða, einkunnin 4, Gott, þar sem mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Leiðir til úrbóta að mati starfsmanna felast í því að endurskoða námsmat m.t.t. leiðsagnar og endurgjafar og að auka nemendalýðræði. Leiðir til úrbóta hjá nemendahópnum voru einkum þær að huga betur að samskiptum í skólastarfinu, bæði á milli nemenda svo og á milli nemenda og starfsmanna. Kennarar ættu að veita meiri endurgjöf og samræma notkun á punktakerfi. Einnig að finna leiðir til að virkja áhugasemi nemenda og að þeir láti í ljós skoðanir sínar.

Áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Varmahlíðarskóli stendur þessi misserin á nokkrum tímamótum. Felast þau annars vegar í því að skólastjóranskipti urðu í upphafi skólaársins 2011 – 2012. Fráfarandi skólastjóri hafði verið við stjórnvölinn í 37 ár sem verður að teljast langur tími. Nýr skólastjóri kemur úr nýlegum skóla í Reykjavík þar sem farnar hafa verið ótroðnar slóðir í starfsháttum. Ljóst var því að hann myndi hafa í farteski sínu nýja sýn á starfshætti skóla. Það gefur auga leið að þessi umskipti hafi í för með sér breytingar. Í vetur hefur hann kynnt hugmyndir sínar og áhuga fyrir starfsfólki, foreldrum og öðrum þeim sem að skólastarfi Varmahlíðarskóla koma.

Í upphafi skólaársins var einnig gefin út ný Aðalnámskrá grunnskóla. Er ekki ofsögum sagt að hún sé nokkuð róttæk og feli í sér allverulegar breytingar á nálgun og útfærslu skólastarfs. Gerir áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins ráð fyrir því að innleiðingarferli á henni taki þrjú ár. Áætlað er ráðuneytið að nemendur sem útskrifast úr grunnskóla vorið 2015 séu útskrifaðir eftir nýrri námskrá og nýju námsmati. Breytingar á sýn, skipulagi og útfærslu starfshátta í Varmahlíðarskóla eru því nauðsynlegar.

Um það hefur verið tekin sameiginleg ákvörðun að á næsta skólaári verði unnið að því að þróa þessar breytingar. Að þeirri vinnu koma starfsmenn skólans, nemendur og foreldrar. Hefur Þóra Björk Jónsdóttir hjá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar verið fengin til að halda utan um þá vinnu. Viðfangsefnin verða innleiðing Aðalnámskrár grunnskóla, breytt námsmat og nýir starfshættir. Þar verður m.a. horft til breyttrar samsetningar námshópa,

betri nýtingar á húsnæði skólans með námsumhverfi í huga og samvinnu í formi teymisvinnu. Ekki er ólíklegt að þessi þróunarvinna muni standa yfir næstu þrjú árin.

Áætlun um innra mat 2012-2015

| Skólaár | 2012-2013 | 2013-2014 | 2014-2015 |
|-----------------|---|---------------------------------------|---------------------------------------|
| Haustönn | Samráðsdagur með foreldrum 1. október | Samráðsdagur með foreldrum í október | Samráðsdagur með foreldrum í október |
| | Mat nemenda á skólastarfi í nóvember | Mat nemenda á skólastarfi í nóvember | Mat nemenda á skólastarfi í nóvember |
| | Lykilþáttur 1 Lykilþáttur 3 Lykilþáttur 4 | gg 2.2 gg 5.9 Lykilþáttur 7 | Lykilþáttur 6 |
| Vorönn | Samráðsdagur/ foreldrakönnun 30. janúar | Samráðsdagur/ foreldrakönnun í janúar | Samráðsdagur/ foreldrakönnun í janúar |
| | Lykilþáttur 8 | Lykilþáttur 9 | Lykilþáttur 5 |
| | Nemendakönnun 5. febrúar | Nemendakönnun febrúar | Nemendakönnun febrúar |
| | Samráðsdagur með foreldrum 9. apríl | Samráðsdagur með foreldrum í apríl | Samráðsdagur með foreldrum í apríl |
| | Mat nemenda á skólastarfi í apríl | Mat nemenda á skólastarfi í apríl | Mat nemenda á skólastarfi í apríl |
| | Árleg skimun starfsfólks í maí | Árleg skimun starfsfólks í maí | Árleg skimun starfsfólks í maí |
| | Sjálfsmatsskýrsla í júní | Sjálfsmatsskýrsla í júní | Sjálfsmatsskýrsla í júní |

Viðauki1 Árleg skimun

Viðauki 1, árleg skimun starfsfólks vor 2012

| | 1 Óútlægjandi | 2 Slakt | 3 Nægleggt | 4 Gott | 5 Mjög gott | 6 Framúrskarandi | Svörun | Meðaleinkunn | % m eink 4-6 2012 |
|--|---------------|---------|------------|--------|-------------|------------------|--------|--------------|-------------------|
| Hver eru gæði námsrángurs nemenda að þínu mati? | 0 | 1 | 1 | 11 | 13 | 0 | 26 | 4,38 | 92% |
| Á hvaða hátt finnst þér skólastarfið samræmast lögum og reglum m.t.t. vilja til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti? | 0 | 1 | 2 | 15 | 10 | 0 | 28 | 4,21 | 89% |
| Hvaða mat leggur þú á að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska? | 0 | 1 | 7 | 11 | 9 | 0 | 28 | 4,00 | 71% |
| Hvernig finnst þér þátttaka foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna vera í starfi skólans? | 0 | 2 | 3 | 16 | 9 | 0 | 30 | 4,07 | 83% |
| Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks og virka þátttöku þess í starfi skólans? | 0 | 0 | 1 | 6 | 22 | 1 | 30 | 4,77 | 97% |
| Hvaða mat leggur þú á umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu? | 0 | 0 | 1 | 13 | 15 | 0 | 29 | 4,48 | 97% |
| Hvernig metur þú áhrif skólans á samfélagið í heild? | 0 | 0 | 0 | 10 | 18 | 1 | 29 | 4,69 | 100% |
| Hvaða mat leggur þú á gæði skólanámskrárinna? | 2 | 5 | 2 | 11 | 4 | 0 | 24 | 3,42 | 63% |
| Hvernig metur þú námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluáðferðum? | 0 | 3 | 3 | 14 | 7 | 0 | 27 | 3,93 | 78% |
| Á hvaða hátt finnst þér verkefni, viðfangsefni og úrræði mæta námsþörfum allra nemenda? | 0 | 2 | 4 | 12 | 10 | 1 | 29 | 4,14 | 79% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig greiningu á námsþörfum nemenda er háttáð? | 0 | 0 | 1 | 15 | 12 | 0 | 28 | 4,39 | 96% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig einstaklingsnámskrám og stuðningsáætlunum er framfylgt í samræmi við ákvæði laga? | 0 | 3 | 4 | 9 | 11 | 0 | 27 | 4,04 | 74% |
| Hvaða mat leggur þú á þær námsmatsaðferðir sem notaðar eru í skólanum? | 1 | 4 | 7 | 7 | 7 | 0 | 26 | 3,58 | 54% |
| Á hvaða hátt finnst þér upplýsingar úr námsmati vera nýttar m.t.t. áframhaldandi úrvinnslu og þess að stuðla að bættu skólastarfi? | 0 | 6 | 5 | 13 | 4 | 0 | 28 | 3,54 | 61% |
| Hvernig metur þú hvernig tekst til við að efla og viðhalda skólabrag sem stuðlar að árangri? | 0 | 0 | 3 | 14 | 10 | 0 | 27 | 4,26 | 89% |
| Á hvaða hátt myndir þú lýsa samskiptum starfsfólks og nemenda? | 0 | 0 | 1 | 7 | 17 | 3 | 28 | 4,79 | 96% |
| Á hvaða hátt finnst þér að stuðlað sé að jafnrétti og sanngirni í skólastarfinu? | 0 | 1 | 1 | 11 | 14 | 1 | 28 | 4,46 | 93% |
| Hvernig metur þú þátttöku foreldra/forsjáraðila í námi barna sinna og starfi skólans? | 1 | 2 | 2 | 14 | 6 | 0 | 25 | 3,88 | 80% |
| Hvaða mat leggur þú á þær aðferðir og úrræði sem notuð eru í skólanum til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna? | 0 | 0 | 3 | 14 | 10 | 0 | 27 | 4,26 | 89% |
| Hvaða mat leggur þú á gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir? | 1 | 4 | 4 | 12 | 5 | 0 | 26 | 3,62 | 65% |
| Hvernig metur þú hvernig unnið er að þróun og umbótum í skólastarfi í gegn um sjálfsmat? | 0 | 4 | 4 | 15 | 4 | 0 | 27 | 3,70 | 70% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig skólastefnu okkar er viðhaldið svo hún stýri starfi sem leiðir til aukins árangurs fyrir nemendur og veiti þannig skýra og hnitmiðaða leiðsögn? | 2 | 1 | 4 | 13 | 4 | 0 | 24 | 3,67 | 71% |
| Hversu virk finnst þér þátttaka starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana vera um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu? | 1 | 5 | 5 | 13 | 3 | 0 | 27 | 3,44 | 59% |
| Hvaða mat leggur þú á mótun þróunaráætlana, framkvæmd þeirra og eftirfylgni? | 3 | 2 | 8 | 7 | 3 | 0 | 23 | 3,22 | 43% |
| Hvaða mat leggur þú fagmennsku og hæfni starfsfólks skólans? | 0 | 0 | 2 | 12 | 13 | 1 | 28 | 4,46 | 93% |
| Hvernig metur þú hvernig umsjón er um velferð starfsmanna m.t.t. ábyrgðar, réttar og umhyggju? | 2 | 1 | 5 | 12 | 6 | 0 | 26 | 3,73 | 69% |
| Hvaða mat leggur þú á nýtingu mannafla bæði starfsmanna innan skólans og sérfræðinga utan skólans? | 0 | 1 | 8 | 11 | 7 | 1 | 28 | 3,96 | 68% |
| Hvaða mat leggur þú á skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila? | 0 | 7 | 1 | 15 | 4 | 1 | 28 | 3,68 | 71% |
| Hvaða mat leggur þú á möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar? | 0 | 2 | 7 | 11 | 9 | 0 | 29 | 3,93 | 69% |
| Hvernig metur þú gæði þverfaglegar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðisþjónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórn)? | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 0 | 20 | 3,80 | 70% |
| Hvernig metur þú fjármálastjórnun skólans? | 0 | 3 | 6 | 2 | 3 | 0 | 14 | 3,36 | 36% |
| Á hvaða hátt finnst þér húsnæði skólans, aðbúnaður og aðstaða vera nýtt til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi? | 0 | 3 | 10 | 12 | 3 | 0 | 28 | 3,54 | 54% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig skólinn varðveitir, greinir, metur og nýtir upplýsingar úr skólastarfinu til að efla nám og auka árangur nemenda? | 0 | 1 | 4 | 13 | 3 | 0 | 21 | 3,86 | 76% |
| Hvernig metur þú samhlóm nemenda, foreldra, starfsfólks og nærsamfélagsins um sýn, gildi og markmið skólans? | 1 | 0 | 4 | 15 | 5 | 1 | 26 | 4,00 | 81% |
| Hvernig metur þú forystu um framtíðarþróun skólastarfs sem byggð er á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans í þeirri viðleitni að ná framúrskarandi árangri? | 1 | 0 | 5 | 9 | 8 | 0 | 23 | 4,00 | 74% |
| Hvernig finnst þér unnið að eflingu forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda? | 0 | 3 | 3 | 15 | 3 | 0 | 24 | 3,75 | 75% |
| Hvaða mat leggur þú á forystu og stjórnun er beinist að sköpun, nýbreytni og breytingastarfi? | 0 | 2 | 5 | 14 | 7 | 0 | 28 | 3,93 | 75% |
| Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi? | 0 | 0 | 2 | 16 | 9 | 0 | 27 | 4,26 | 93% |
| Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða? | 0 | 0 | 1 | 8 | 17 | 2 | 28 | 4,71 | 96% |
| Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframbóði í mótuneyti skólans? | 0 | 5 | 6 | 9 | 3 | 4 | 27 | 3,81 | 59% |
| Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)? | 1 | 0 | 5 | 11 | 10 | 2 | 29 | 4,21 | 79% |
| Hvernig líður þér á vinnustað? | 0 | 0 | 1 | 1 | 13 | 13 | 28 | 5,36 | 96% |

Aths. Lokaspurning um líðan á vinnustað er með eftirfarandi svarmöguleika:

Mjög vel, vel, hvorki vel né illa, fremur illa og mjög illa.

Viðauki 2 Einkunnaskali

| | | |
|---|-----------------------|--|
| 6 | Framúrskarandi | Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði |
| 5 | Mjög gott | Afar sterkur þáttur |
| 4 | Gott | Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri |
| 3 | Nægilegt | Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök |
| 2 | Slakt | Mikilvæg atriði slök |
| 1 | Ófullnægjandi | Afar slakur þáttur |

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er lítið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið **ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins **ófullnægjandi**, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.

